

Reglulegir fundir miðstjórnar BHM eru þriðja miðvikudag í hverjum mánuði.

**Fundur miðstjórnar Bandalags háskólamanna
miðvikudaginn 08.11.2006 kl. 16:00
Borgartúni 6**

Mættir:

Páll Halldórsson, FÍN
Guðlaug Einarsdóttir, LMFÍ
Fanneý Úlfjótisdóttir, FH
Þórný Hlynsdóttir
Ingi Jón Hauksson, SÍ
Eggert Lárusson, KKHÍ
Salóme Þórisdóttir, ÞÍ
Guðlaug Kristjánsdóttir, SSP
Sigurður Einarsson, SHMN
Bragi Skúlason, Útgardur
María Frímannsdóttir, SBU
Racel Eiríksson, SÍF
Margrét Kr. Gunnarsdóttir, FÍF
Þórir Sigurðsson, FHA
Signý Þöll Kristinsdóttir, ÍPÍ
Gísli Sigurðsson, FH
Lilja Ingvarsson, ÍPÍ
Kristín Hafsteinsdóttir, FL
Ína B. Hjálmarsdóttir, FÍN
Þrúður G. Haraldsdóttir, FÍN
Þorvaldur Þórðarson, DÍ
Stefán Aðalsteinsson, BHM
Halldóra Friðjónsdóttir, BHM
Halldór K. Valdimarsson, BHM

Fundarstjóri: Halldóra Friðjónsdóttir
Fundur settur: kl. 16:07

Til umræðu:

1. Störf nefndar um málefni útlendinga – umræður í samfélaginu um útlendinga á íslenskum vinnumarkaði.

Halldóra Friðjónsdóttir opnaði umræðu. Sagði hún umræðuna um málefni útlendinga einkennast af neikvæðni. Sagði hún vitað að vegna þenslu væri ekki hægt að tala um lítið svigrúm á vinnumarkaði enn sem komið er.

Nefnd um málefni útlendinga hefur ekki enn lokið störfum, en á vettvangi hennar er verið að vinna að nýjum lögum um útlendinga á vinnumarkaði hérna, sem HF sagðist binda verulegar vonir við. Sagði hún aðildarfélög BHM hefðu ekki þurft að ræða þetta mikið, því lítið flæði háskólafólks hefði verið til landsins, en þó snerti þetta sum aðildarfélög, til dæmis hjúkrunarfræðinga. Því væri forvitilegt að heyra hvað félögin hafa um þessi mál að segja. Hjá FÍN er töluvert um að beðið sé um umsögn vegna umsókna um atvinnuleyfi. Félagið gerir kröfu um ráðningarsamning sem sýni að laun fylli ákvæði um lágmarkskjör.

Fram kom að nauðsynlegt væri að stéttarfélögin gættu þess að útlendingar rötuðu inn í stéttarfélög, svo tryggja mætti kjör þeirra og réttindi.

Fram kom að einstöku vinnustaður væri ekki undir kjarasamningi og þar væru réttindi aðeins það lágmark sem löggjöf gerði ráð fyrir. Aðrir vinnustaðir, sem væru bundnir af kjarasamningum, væru svo jafnvel mjög duglegir að raða útlendingum í neðstu flokka sem mögulegt væri.

2. KOS

Komin er á formleg nefnd, sem mun ganga frá því hvað Hagstofan getur lagt fram. Sagði HF augljóst að ef þaðan væri aðeins að vænta einnar könnunar á ári yrði að finna annan farveg. Skrifað hefur verið bréf til ráðherra þar sem því er lýst að ekki sé ásatnanlegt að engar upplýsingar berist. Vandamálið virðist í dag vera að einungis einn starfsmaður kann það sem þarf til að ná upplýsingum út úr ORACLE kerfinu.

3. Stefnumótunarnefnd, enn hafa mörg félög ekki sent inn svör.

HF sagði ekki góðar heimtur á svörum frá félögum. Rétt um helmingur félaga hefði svarað. Önnur félög áminnt um skil. Af svörum sem komin eru má ráða að félögin séu nokkuð sáttt við verkaskiptingu milli félaga og bandalags. Félögin virðast ekki sjá fyrir sér miklar breytingar vegna Bologna ferlisins.

Til kynningar:

4. Boð á fund nefndar um breytingu á jafnréttislögum.

Nefndin hefur boðað fulltrúa BHM á fund sinn.

5. Lögmannsmál, störf hafin.

Erna Guðmundsdóttir hefur þegar byrjað í 20% starfi hjá BHM, í þrjá mánuði til reynslu í byrjun. Hún er starfandi hjá BSRB og vonast er til að þetta verði byrjunin á samstarfi um lögfræðiráðgjöf milli bandalaga.

6. Slit Ásbrúar og fundargerð húsfundar í Húsfélagi BHM.

Húsfélaginu Ásbrú var formlega slitið 6. nóvember og inneign í félaginu hefur verið greidd. Á fundi nýs húsfélags var rætt um hátalarakerfi og fjarfundarbúnað. Fram hefur komið hugmynd um nafn á fundarsal BHM. Sameiginlegur salur heiti Ásbrú, stærra rýmið Ás og minna rýmið Brú.

7. Næsti fundur 13. desember – jólafundur.

Hefð er fyrir því að flýta jólafundi. Hann verður því 13. desember og byrjar aðeins fyrir að deginum. Fjárhagsáætlun verður send út með góðum fyrirvara. Fyrstu drög verða lögð fram 22. nóvember – síðan haldinn sérstakur fundur með þeim sem gera vilja athugasemdir.

8. Önnur mál.

Fyrirspurn hefur borist um hvort ástæða sé til að ræða málefni LSH, meðal annars vegna þess að dómur hefur fallist varðandi uppsögn læknis, sem telin er ólögæt þar sem áminning var ólögæt.

Verið er að reka mál gagnvart LSH þar sem sjúkrahúsið telur sig ekki þurfa að fara að ákvæðum kjarasamnings og stofnasamnings.

Fram kom að yfirleitt setji þessi stofnun öll ágreiningsmál í hnút og láti ekki hnika sér. Stofnunin sýni verulega óbilgiri í starfsmannamálum, sem ekki sé boðleg.

Fram kom að mikilvægt væri að BHM ályktaði í þessu máli, því annað væri ekki boðlegt félögum í aðildarfélögum bandalagsins. Að lágmarki yrði að álykta að LSH verði að fara að lögum og hlíta þeim dómum sem felldir séu, því engin stofnun megi komast upp með að hundsa réttarkerfið í landinu á þennan veg.

Fram kom fyrirspurn um hvaða viðurlög lægju við því að stofnun gerðist brotleg á þennan veg. Lögð var fram tillaga að ályktun:

Að gefnu tilefni krefst Miðstjórn Bandalags háskólamanna þess að Landspítali háskólasjúkrahús fari að lögum og hlíti þeim dómum sem felldir eru í málum á hendur honum.

Miðstjórn beinir því jafnframt til stjórnvalda að gerðar verði ráðstafanir til þess að stofnunin fari að lögum.

Bréf hefur borist frá Félagi háskólakennara, sem fengið hefur svör lögfræðings við sex spurningum, þar sem um 100 félagsmenn FH hefðu ekki náð 5.5% mörkum á viðmiðunartímabili samnings SA og ASÍ. Niðurstaða lögfræðings var á þá lund að félagið geti krafist þess að þessir einstaklingar fái umsamda hækkun, enda teljist samkomulag SA og ASÍ viðbót við kjarasamningana frá vorinu 2005.

Fram kom, í ljós þess að afstaða ríkis væri ósveigjanleg í þessu máli, hvort nokkur önnur leið væri fær en sú að höfða mál vegna þessa. FÍN er tilbúið með einstakling til að byggja málshöfðun á.

Fram kom tillaga um að vísa því til formanns og framkvæmdastjóra að hefja undirbúning málsins í samráði við lögfræðing.

Engin önnur mál.

Fundi slitið klukkan 17:31